

KIM ENDURHÆFING leitar að framúrskarandi sjúkráþjálfurum

Ert þú árangursdrifinn og metnaðarfullur sjúkráþjálfari, tilbúinn að takast á við krefjandi áskoranir og vilt hafa mótandi áhrif á greinina á alþjóðlegum vettvangi? Þá gæti þetta verið tækifæri fyrir þig.

Kim Endurhæfing óskar eftir að fá til liðs við sig metnaðarfulla og framsækna sjúkráþjálfara sem eru tilbúinir að takast á við áskoranir sjúkráþjálfunar í fjölbreyttu og þverfaglegu starfsumhverfi þar sem virðing og samvinna eru í fyrirrúmi.

Starfið hentar einstaklingi með reynslu, sjálfstæði og frumkvæði sem kýs að starfa sem sjálfstæður verktaki í öflugum teymi fagfólks. Við bjóðum sanngjarna aðstöðuleigu og framúrskarandi vinnuaðstöðu.

Sýn

Við hjá KIM ENDURHÆFING leggjum metnað okkar í að veita þeim sem glíma við stoðkerfisvandamál árangursríka þjónustu. Okkar markmið er að bjóða upp á sérsniðnar endurhæfingarmeðferðir byggðar á viðurkenndum aðferðum, mælingum og þjálfunartækni sem auka skilvirkni og árangur endurhæfingar.

Einstakt tækifæri

Við störfum í nánú samstarfi við lækna Heilsuverndar í Urðarhvarfi 14, Kópavogi og beitum þverfaglegri nálgun sem tryggir heildræna meðferð við endurhæfingu okkar skjólstæðinga.

Við erum einnig í nánú samstarfi við HeilaHeilsu sem veitir sálfræðiþjónustu og sérhæfðar meðferðir eftir heilahristing og höfuðhögg.

Þú munt hafa tækifæri til að taka þátt í þróun verkefna með erlendum samstarfsaðilum, þróa og beita framsæknum meðferðaraðferðum sem stuðla að bættri upplifun skjólstæðinga og hámarka klínískan árangur. Um er að ræða lausnir (Neuro-rehab) sem styðja við endurhæfingu fólks sem hefur fengið heilablóðfall eða er með langvarandi taugasjúkdóma, td. MS.

Fókus

Við leggjum áherslu á að þjónusta skjólstæðinga sem þjást af langvarandi einkennum frá stoðkerfinu. Sérstök áhersla er á háls- og hryggsúlu. Saman munum við innleiða og beita tæknilegri og skilvirkri meðferð í endurhæfingu skjólstæðinga sem þjást af hálsverkjum.

Við óskum eftir sjúkráþjálfurum sem hafa reynslu af meðhöndlun og beitingu meðferðar á háls- og hryggsúlu.

Hæfniskröfur

- Löggilt sjúkráþjálfarapróf og íslenskt starfsleyfi landlæknis
- Jákvætt viðhorf og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni til þess að vinna í þverfaglegu teymi og áhugi á alþjóðlegu samstarfi
- Framsækni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Reynsla og/þekking á meðferð og greiningu stoðkerfissjúkráþjálfunar er styrkur
- Góð íslenskukunnátta æskileg
- Góð enskukunnátta

Nánari upplýsingar og umsókn

Áhugasamir hafi samband við Kim De Roy. Sendu tölvupóst á netfangið kim@kimphysio.com og við munum hafa samband innan skamms.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.